

## 3. gr.

Allt fje, sem langt er rekið, nema á og afafrjett, skal merkt með glöggu rekstrarmerki í malir. Þó skal ávallt merkja sölufje, hve stutt sem rekið er.

## 4. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að þeim, er þau lönd eiga, sem um er rekið og í er áð. Varast skal, að rekstrum lendi saman við annað fje. Eigi má halda áfram með rekstra, úr því dimmt er orðið, nema brýna nauðsýn beri til að ná í áfangastað. Svo má og aldrei leggja á stað með rekstra fyr en markljóst er orðið.

## 5. gr.

Nú ber svo til að öðru fje lendi saman við rekstur, skal þá á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga slíkt fje úr rekstrinum og gæta þess vandlega, að engin kind verði eptir, er eigi á í honum að vera. Skal þá sem og endrarnær, er viðstaða verður, telja rekstarfjed. Skyldir eru heimamenn eptir föngum að hjálpa til að kanna reksturinn. Sjá skulu rekstrarmenn um, að fje það, er saman við hefir komið, komizt til eigaða eða umráðamanna þeim að skaðlausu.

## 6. gr.

Brot gegn reglum þessum heyra undir 47. og 48. gr. fjallskilareglugjörðar Skagafjardarsýslu, er staðfest er af amtsráði Norduramtsins 15. dag júní-mán. 1893.

\* \* \*

Framanritaður viðauka við fjallskilareglugjörð Skagafjardarsýslu, sem er saminn af sýslunefndinni í Skagafjardarsýslu, var staðfestur og löggiltur samkvæmt lögum nr. 14, 22. marz 1890 af amtsráði Norduramtsins á aðalfundi þess 11—12 þ. m., og skal hann öðlast gildi 1. sept. 1897.

Íslands Norduramt, Akureyri 19. júní 1897.

*Páll Briem.*

## Reikningur

yflr

tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norduramtsins 1896.

Tekjur:

|          |                                                            |             |
|----------|------------------------------------------------------------|-------------|
| I.       | I sjóði við árslok 1895:                                   |             |
|          | Í peningum                                                 | kr. 1790,90 |
| II.      | Niðurföfnun á lausatje í amtinu á hvert gjaldskylt hundrad | — 2552,62   |
| III.     | Vextir af 800 kr. frá 2. jan. til $\frac{1}{12}$ 1896      | — 29,59     |
| IV.      | Til jafnaðar við gjaldl. IX                                | — 829,59    |
| Samtals: |                                                            | kr. 5202,70 |

|       |                                                          |             |           |
|-------|----------------------------------------------------------|-------------|-----------|
| I.    | Kostnaður við amtsráðið . . . . .                        | kr. 374,00  |           |
| II.   | Til heilbrigðismála . . . . .                            | — 124,00    |           |
| III.  | Til menntamála . . . . .                                 |             |           |
|       | a. Laugalandsskólans . . . . .                           | kr. 300,00  |           |
|       | b. Ytríeyjarskólans . . . . .                            | — 300,00    |           |
|       | c. Bókasafns Norðuramtsins . . . . .                     | — 500,00    | — 1100,00 |
| IV.   | Til heyrnar-og málleysingja . . . . .                    | — 60,00     |           |
| V.    | Vextir og afborgun af Skjálfandafljótsbrúaláni . . . . . | — 118,52    |           |
| VI.   | Kostnaður við fjárskoðanir . . . . .                     | — 180,00    |           |
| VII.  | Fangahúsið á Akureyri . . . . .                          | — 38,95     |           |
| VIII. | Ýmislegur kostnaður . . . . .                            | — 105,85    |           |
| IX.   | Lagt í sparisjóð . . . . .                               | — 829,59    |           |
| X.    | Eign til næsta árs:                                      |             |           |
|       | a. Í sparisjóði . . . . .                                | kr. 829,59  |           |
|       | b. Í peningum . . . . .                                  | kr. 1442,20 | — 2271,79 |
|       | Samtals: . . . . .                                       | — 5202,70   |           |

Skrifstofu Norðuramtsins, Akureyri, 12. jan. 1897

*Páll Briem.*

## Auglýsing

um

### **að Búðardalur við Hvammsfjörð skuli vera verzlunarstaður.**

Samkvæmt heimild þeirri, sem landshöfðingja er veitt í staflíð b. í lög-  
um nr. 30. frá 8. nóvbr. 1883, um löggilding nýrra verzlunarstaða, og eptir að  
mælt hefir verið sjávardýpi á Hvammsfirði í Dalasýslu, skal hjer með ákveðið,  
að Búðardalur við Hvammsfjörð skuli vera verzlunarstaður.

Reykjavík, 26. júlí 1897.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

**Magnús Stephensen.**

*Jón Magnússon.*

### **Embættisskipan.**

7. júlí var *cand. polit. Sigurður Briem* allramildilegast skipaður *póstmeistari* í  
*Reykjavík.*